Kópavogi, 7. september 2026
26082157/ AK

Efni: Rekstur ökutækjaleigu og geymslustaður ökutækja við Engihjalla 11, Kópavogi.

Vísað er til bréfs Samgöngustofu dags. 17. júlí 2026, þar sem óskað er umsagnar Kópavogsbæjar vegna umsóknar I Love Trips ehf., Engihjalla 11, Kópavogi, um starfsleyfi fyrir bílaleigu og geymslustað ökutækja við Engihjalla 11, fyrir sex ökutæki.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Umrædd lóð er á svæði ÍB-2, íbúðarbyggð á Digranesi skv. aðalskipulagi Kópavogs. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu. Á lóðinni er fjölbýlishús með íbúðum.

Samkvæmt a. lið gr. 6.2 í skipulagsreglugerð er íbúðarbyggð skilgreint sem svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Ekki er hægt að fallast á að umrædd starfsemi falli undir minniháttar starfsemi sem samræmist búsetu á svæðinu, en rekstur bílaleigu er atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér aukna umferð og ónæði fyrir lóðarhafa. Einnig skal litið til þess að gert er ráð fyrir að bílarnir verði geymdir á sameiginlegri lóð, en slíkt mun óhjákvæmilega takmarka aðgengi íbúa að sameiginlegum stæðum. Ekki er heldur æskilegt að veita fordæmi fyrir rekstri bílaleiga á íbúðarsvæðum.

Umsögn og niðurstaða

Með vísan til ofangreinds er ekki fallist á erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

Rafræn skilríki

Undirritað af: Andrea Kristinsdóttir

Tími: 08.09.2026 14:48
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign